

Áfangi: ÍSL 404 (val áfangi) – vorönn 2011

Íslenska; Bókmenntir og tungumál frá siðaskiptum (1550) til 1900.

Undanfari: ÍSL 304

Kennari: Lilja S. Ólafsdóttir

Áfangalýsing: Í áfanganum er lögð áhersla á tengsl máls, bókmennta og þjóðfélags frá siðaskiptum fram yfir aldamótin 1900. Mest verður lögð áhersla á bókmenntir 19. aldar. Vakin athygli á því hvernig málfar íslenskra bókmennta og bókmenntirnar sjálfar spegla þjóðfélagsaðstæður og menningarlíf, tíðaranda, strauma og stefnur á tímum siðaskipta, lærdómsaldar, upplýsingar, rómantíkur og raunsæis. Nemendur kynnst hugmyndum manna um íslenska tungu og viðleitni manna til málhrensunar.

Markmið:

Að nemendur:

- Þekki bókmenntir og bókmenntasögu tímabilsins frá 1550 til 1900
- Skilji hvað felst í hugtökunum lærdómsöld, upplýsing, rómantik og raunsæi þegar fjallað er um bókmenntir
- Geri sér grein fyrir samspili bókmennta og þjóðfélagsbreytinga
- Geti gert grein fyrir nokkrum helstu höfundum og verkum tímabilsins
- Kunni skil á algengum bragreglum og helstu bragarháttum
- Geti greint algengustu stílbrögð í bundnu og óbundnu máli
- Kannist við helstu baráttumenn íslenskrar málhrensunar frá tímabilinu og skilji hvað felst í hugtakinu hreintungustefna
- Þjálfist í að tjá sig í ræðu og riti um valin verk og höfunda
- Nýti tölvutækni til að ganga frá verkefnum og verði færir um að vanda frágang verkefna

Kennslugögn:

- *Ormurinn langi. Leiftur úr íslenskum bókmenntum 900 - 1900.* 2005. Ritstjórar: Bragi Halldórsson, Knútur S. Hafsteinsson og Ólafur Oddsson. Bjartur, Reykjavík.
- Halldór Kiljan Laxness. 2007. *Íslandsklukkan.* Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Kristinn Kristjánsson. 1996. *Íslenskar bókmenntir 1550-1900.* Iðnú, Reykjavík.
- Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2010. *Handbók um ritun og frágang.* Mál og menning, Reykjavík.

Námsmat:

- Verkefni um strauma og stefnur í bókmenntum tímabilsins - 35%
- Verkefni úr Íslandsklukkunni - 20%
- Ljóðaverkefni - 10%
- Kaflapróf úr helstu þáttum námsefnisins - 35%